



56. Körfuknattleiksþing | 15. mars 2025

Þingskjal nr. 03 – Þingsályktun útileikir landsbyggðarliða

Mótanefnd KKÍ sé heimilt og skylt að horfa til sérstöðu landsbyggðarliða þegar kemur til ferðalaga í útileik, óski félögin þess sérstaklega þegar vinna við mótauppröðun tímabilsins eftir er í gangi. Er þarna átt við bæði leikdaga og leiktíkma, horft sé til vinnureglu sem þegar er við lýði hjá t.d. KSÍ um að útileikir landsbyggðarliða sem að öðrum kosti færu fram á virkum degi, geti fari fram um helgina áður í fleiri tilvikum en færri. Má þar nefna efstu deild kvenna þar sem spilað er á þriðjudögum, en þá gætu Þór, Tindastóll og fleiri lið í svipaðri stöðu leiki útileiki á helgina áður. Þar sem því er ekki komið við verði leikirnir settir á kl. 18.00 til þess að liðin komist fyrr heim að leik loknum.

Samantekt á úti (deildar)leikjum liða frá Akureyri í stærstu boltaíþróttum landsins

	KSÍ - útleikir norðanliða			HSÍ - útleikir norðanliða			KKÍ - útleikir norðanliða	
	KA	Þór	Þór/KA	KA	Þór	KA/Þór	Þór KK	Þór kv
Fös-sun (eða opinberir fridagar)	10	8	9	7	8	9	9	2
mán-fim	3	3	2	4	0	0	2	7
Samtals fjöldi útleikja	13	11	11	11	8	9	11	9
	KSÍ - útleikir norðanliða			HSÍ - útleikir norðanliða			KKÍ - útleikir norðanliða	
Fös - sun (eða opinberir fridagar)	77%	73%	82%	64%	100%	100%	82%	22%
mán - fim	23%	27%	18%	36%	0%	0%	18%	78%

*Rauðmerkt eru hæstu gildi

Greinagerð;

Í öllum stóru bolta íþróttunum á landinu er það viðurkennt að lið af landsbyggðinni þurfa að hafa ákveðna sérstöðu þegar kemur að útleikjum. Þannig er miðað við að sem flestir leikjanna fari fram á föstudögum, laugardögum eða sunnudögum til þess að koma til móts við leikmenn vegna m.a. vinnutaps, skólagöngu og nauðsynlegrar endurheimtar. Kvinnalið Þórs í körfubolta hins vegar leikur sem stendur 78% útleikja sinna á mánudegi til fimmtudags. Er það hlutfall í hróplegu ósamræmi við lið í svipaðri stöðu frá Akureyri. Hér má samantekt úr öðrum boltaíþróttum Akureyrarliða karla og kvenna.

Staðreyndir:

- Leikmenn kvinnaliðs Þórs þurftu að taka frí frá skóla eða vinnu a.m.k. sjö þriðu- eða miðvikudaga frá október 2024 fram í febrúar 2025. Ofan á það munu svo bætast við tveir útleikir í tvískiptingu deildar og svo huganlega útleikir í úrslitakeppni.

Vísad til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar

Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



56. Körfuknattleiksþing | 15. mars 2025

Þingskjal nr. 03 – Þingsályktun útileikir landsbyggðarliða

- Kvennalið okkar hefur misst að minnsta kosti fimm leikmenn á síðustu tveimur árum einvörðungu vegna þess að viðkomandi leikmenn sjá sér ekki fært að fara í þá gríðarlegu skuldbindingu sem það er að missa úr vinnu og/eða skóla aðra hverja viku yfir fimm til sex mánuði ársins.
- Leikmenn kvennaliðs Þórs í Bónus deild kvenna í körfubolta koma ekki heim fyrr en um miðja nótt að loknum útileikjum sem hefjast kl. 19.15 og ná því ekki nema 4-5 tíma svefni fyrir vinnudag eða skóla daginn eftir.
- Áhrif á leikmenn og ósannjarnt forskot ?;
 - Leiða má að því líkum að viðkomandi leikmenn séu hvorki vel til þess fallnir að stunda skóla eða vinnu eftir svo lítinn svefn og átök daginn áður ásamt ferðalagi sem tekur yfir sólahring og þar af 11-12 klst í bíl.
 - Velta má upp þeirri íþróttatengdu spurningu hvort ekki sé um að ræða ósannjarnt forskot annarra liða í deildinni, sem fá betri endurheimt aðra hverja viku sökum áður greindrar staðreyndar. Þekkt er að svefn er mikilvægasta endurheimt íþróttamannsins og það vera neitað um hann á virkum degi aðra hverja viku er svo sannarlega ekki léttvægt.

Körfuknattleiksdeild Þórs Akureyri

Umsögn mótanefndar KKÍ

Leikir í efstu deildum karla og kvenna fara fram á föstum leikdögum og er það algjör undantekning ef leikir í efstu deildum fara ekki fram á leikdögum samkvæmt keppnisdagatali. Vöxtur körfuboltans hefur verið mikill og umfjöllun aukist og á það einnig við um úrvalsdeild kvenna. Allir leikir eru í beinni útsendingu og körfuboltakvöld fylgir í kjölfarið þar sem umferðirnar eru gerðar upp og því mikilvægt að leikirnir fari fram á föstum leikdögum.

Allt mótahald KKÍ hefur vaxið og er erfitt að koma öllum leikjum fyrir og sérstaklega um helgar. Ef útileikir Þórs Ak. eru færðir yfir á helgar hefur það áhrif á allt skipulag mótaðilans, ekki aðeins á meistaraflokk kvenna, heldur einnig á sjálfboðaliða sem sjá um heimaleiki, skipulag æfinga, kappleikja og annara viðburða sem fara fram í íþróttahúsunum um helgar. Því til viðbótar veldur það vandamálum fyrir Stöð 2 vegna beinna útsendinga frá leikjum og fyrir samantekt fyrir körfuboltakvöld.

Vísað til:	<input type="checkbox"/>	Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/>	Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/>	Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt:	<input type="checkbox"/>	Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/>	Felld